

Ed.

## 22. Frumvarp til laga

[22. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Gunnar Thoroddsen.

### 1. gr.

Á tollskránni í 1. gr. laganna eru gerðar þessar breytingar:

1. Nr. 1—5 í 79. kafla orðist svo:
  - 1 Flygel og píanó ..... tollfrjáls
  - 2 Hlutar til flygela og píanóa ..... tollfrjálsir
  - 3 Orgel og harmóníum ..... tollfrjáls
  - 4 Hlutar til orgela og harmónía ..... tollfrjálsir
  - 5 Strengjahljóðfæri og hlutar til þeirra, ót. a. .... tollfrjáls
2. Nr. 7—9 í sama kafla orðist svo:
  - 7 — önnur og hlutar til þeirra ..... tollfrjáls
  - 8 Harmonikur og hlutar til þeirra ..... tollfrjálsar
  - 9 — grammófónar og hlutar til þeirra ..... tollfrjálsir
3. Fyrir nr. 11 og 12 í sama kafla komi eitt nr., svo hljóðandi:
  - 11 — grammófónplötur ..... tollfrjálsar
4. Nr. 15—16 í sama kafla orðist svo:
  - 15 Trumbur ..... tollfrjálsar
  - 16 Önnur hljóðfæri og hljóðfærahlutar, ót. a. .... tollfrjáls

### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Greinargerð.

Frv. þetta var flutt á tveimur síðustu þingum, en hlaut þá ekki afgreiðslu. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Á hljóðfærum er nú tollur, sem nemur allt að 80%. Á það að sjálfsgöðu sinn þátt í því, hve dýr þau eru. Er nú svo komið, að aðeins efnað fólk hefur möguleika til þess að kaupa hljóðfæri, eins og t. d. slaghörpu og orgel, sem æskilegt er að til séu á sem flestum heimilum í landinu.

Þetta er mjög illa farið. Tónmenntun þjóðarinnar hlýtur að vera snar þáttur í menningarlegu uppeldi hennar. En til þess að iðkun hljómlistar geti orðið almenn, þarf hljóðfæraeign mjög að aukast. Gegn því má hið opinbera ekki vinna með óhóflegum tollaálögum á þessi menningartæki. Á það má benda, að bækur, bæði skólabækur og aðrar bækur, sem inn eru fluttar, eru tollfrjálsar. Sama ætti að gilda um hljóðfæri.

Með frv. þessu er þess vegna lagt til, að felldir verði niður tollar af helztu hljóðfærum, sem til landsins eru flutt. Vegna þess, hve innflutningur þeirra hefur verið lítill undanfarin ár, missir ríkissjóður hverfandi lítills í af tekjum sínum með slíkri breytingu tollalaga. Samtals voru á s. l. ári flutt inn hljóðfæri fyrir rúmlega 975 þús. kr. að innflutningsverðmæti. Vörumagnstollur, verðtollur og söluskattur af þessum innflutningi nam hins vegar rösklega 915 þús. kr.“

Síðan hafa tollar á þessum vörum stórhækkað, eins og nánar verður gerð grein fyrir í framsögu.